**Ed.** **648. Lög**

um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu ekki koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð, heldur skal þar eftirleiðis sem hingað til skipaður af ráðherra sjerstakur umboðsmaður.

Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af öllum eftirgjöldum.

Umboðsmaður skal búsettur vera nálægt miðju Múlaþings.